

# Hefur þú áhuga á að vinna með hressum krökkum? Og hefur menntun og reynslu af sundþjálfun?

## YFIRÞJÁLFARI ÓSKAST

Sundfélagið Óðinn óskar eftir metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi í starf yfirþjálfara hjá félaginu. Yfirþjálfari leiðir starf félagsins og hefur yfirumsjón með þjálfun elstu sundhópa félagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2025.

### Starfið felst í m.a. í því að:

- Þjálfa börn og unglinga í sundi og vinna í samvinnu við aðra þjálfara að því markmiði að auka færni og getu sundmanna.
- Bera ábyrgð á æfingaráætlun og hafa umsjón með skipulagningu æfinga og sundmóta í samvinnu við stjórn.
- Fylgja skipulagi og stefnu Sundsambands Íslands um langtímaþjálfun sundmanna. Vinna að hæfniviðmiðum æfingahópa ásamt því að styðja elstu iðkendurna í því að ná sínum markmiðum í sundi.
- Yfirumsjón með tækniþjálfun í yngri hópum, styðja þjálfara og aðstoða þá eftir þörfum.
- Virkum samskiptum og upplýsingamiðlun við sundmenn og aðstandendur.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla á sviði sundþjálfunar og/eða íþróttar. Reynsla af sundi og sundþjálfun.
- Reynsla og hæfni í að vinna með börnum og unglingum og vera þeim góð fyrirmynd.
- Mjög mikil hæfni í mannlegum samskiptum, framúrskarandi samskipta og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.
- Góð íslensku eða enskukunnátta í ræðu og riti.

Nánari upplýsingar veitir, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, formaður Sundfélagsins Óðins  
Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á netfangið [formadur@odinn.is](mailto:formadur@odinn.is)

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. **Umsóknarfrestur er til og með 16. mars. 2025.**

Sundfélagið Óðinn er fyrirmyndarfélag ÍSÍ <http://www.odinn.is>

Hjá sundfélaginu Óðni starfa öflugir þjálfarar með góða reynslu af sundþjálfun. Iðkendur félagsins eru um 300 talsins.